

## Fundur um ákærvaldið 18. mars 2011

### Ræða ríkissaksóknara

#### Ávarp.

Í dag ætlum við að ræða fyrst og fremst um ákærvaldið í landinu, stöðu þess og skipan til framtíðar. Þar sem ég stend hins vegar á nokkrum tímamótum hljótið þig að fyrirgefa mér þótt ég fari svolítið yfir víðan völl og líti yfir ferilinn. Það tengist svo eftir atvikum efni dagsins. Þegar ég leiði hugann að starfsferli mínum stendur tvennt upp úr.

**Annars vegar:** Hversu fljótt þessi tími hefur liðið.

Keflavík. Mér finnst eins og gerst hefði í gær þegar ég kom í júní 1971 til starfa sem nýráðinn fulltrúi í Keflavík. Af nógu var að taka í þessu sérkennilega bæjarfélagi og umhverfi. Og þremur árum seinna skall fyrsta alvöru holskeflan á í starfinu.

Þriðjudagurinn 19. nóvember 1974. Geirfinnsmálið.

Eitt umtalaðasta sakamál seinni tíma og þar sem hluti þessa máls tengist vissulega ákærvaldinu og sjálfstæði þess ætla ég að rifja upp helstu atriði málsins.

Daginn eftir hvarf Geirfinns, skýrði lögreglumaður mér frá undarlegum aðdraganda þess og var þegar ákveðið að rannsaka þetta nánar.

Frá upphafi beindist rannsóknin að manni, sem komið hafði í Hafnarbúðina í Keflavík og fengið að hringja kvöldið sem Geirfinnur fór að heiman, eftir að hringt hafði verið í hann. Hann ætlaði að koma við í sjoppunni í leiðinni. Til Geirfinns spurðist ekkert eftir það.

Eftir lýsingu tveggja afgreiðslukvenna í Hafnarbúðinni á manningnum var strax teiknuð mynd af honum hjá tæknideild lögreglunnar í Reykjavík. Jafnframt því voru tveir frístundateiknarar í Keflavík að teikna mynd af manningnum. Öðrum þeirra, listakonu á staðnum datt í hug að búa til leirmynd af honum með aðstoð vitnanna og var það gert.

Þegar leirmyndin var tilbúin kom ég á fundi, þriðjudaginn 26. nóvember 1974, með öllum helstu sérfræðingum í Sakadómi Reykjavíkur auk fulltrúa dómsmálaráðuneytisins. Þar var tekin ákvörðun um að birta myndina og var ítarlega fjallað um fundinn í Mbl. daginn eftir.

Rannsókn Geirfinnsmálsins í Keflavík lauk án þess að nokkur maður væri yfirheyrður sem grunaður um aðild að hvarfi hans. Nokkrir gáfu hins vegar skýrslur þar sem talið

var að þeir væru maðurinn sem kom í sjoppuna umrætt sinn. Magnús Leópoldsson, sem síðar kom mikið við sögu, var ekki þeirra á meðal.

Í janúar 1976, eða tæpu ári eftir lok rannsóknarinnar í Keflavík, voru nokkrir aðilar, sem síðar reyndust saklausir menn, handteknir í Reykjavík og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Handtakan kom okkur, sem unnum að upphafsrannsókn málsins, jafn mikið á óvart og öðrum landsmönnum enda hafði ekkert verið við okkur talað og var aldrei gert á meðan á rannsókn Sakadóms Reykjavíkur stóð.

Þessum kafla málsins lauk með dómum Hæstaréttar yfir nokkrum einstaklingum.

Tæpum 25 árum eftir hvarf Geirfinns, eða 1998, hófst nýr kafli málsins en þá krafðist Magnús Leópoldsson þess við ráðuneytið að rannsakaður yrði þáttur lögreglumanna í Keflavík á því að hann var bendlaður við málið. Taldi hann leirmyndina líkjast sér og vildi meina að um skipulagt samsæri hefði verið að ræða til að bendla hann við málið.

Ég skrifaði af þessu tilefni grein í Mbl. þar sem ég lýsti því yfir að ég bæri stjórnunarlega ábyrgð á upphafsrannsókn málsins. Benti ég á að leirmyndin umtalaða hefði verið birt innan við viku frá því að rannsókn málsins hófst en á þeim tíma var allt eins búist við að hann kæmi í leitirnar heill á húfi. Aðeins var verið að leita að ókunnugum manni sem talið var að tengja mætti málinu. Á þessu stigi voru því engar forsendur til samsæris um að varpa sök á einn eða neinn. Þá gæfi það auga leið að mun léttara hefði verið að ræða einfaldlega við Magnús Leópoldsson, teldu menn hann tengjast málinu, heldur en að búa til af honum leirstyttu.

Ég ætla síðar í erindi mínu að víkja nánar að þessum þætti Geirfinnsmálsins en árin í Keflavík urðu 17. Árið 1998 varð ég borgarfégeti í Reykjavík og síðan héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur við aðskilnaðinn 1992.

**Um dómarastarfið** langar mig að segja.

Fá störf eru eins heillandi og veita eins góða þjálfun fyrir opinbera starfsmenn og dómarastarfið. Þjálfun í að stjórn þinghöldum, þjálfun í að taka ákvarðanir innan tímamarka. Að sjá að það eru fleiri en ein hlið á hverju máli.

En aðallega þjálfun í að láta sannfæringu fyrir réttri lagalegri niðurstöðu ráða, óháð þrýstingi fjölmiðla, stjórn mála og annarra utanaðkomandi aðila.

Það er því synd að það skuli ekki fleiri dómara færa sig um set og nýta þessa reynslu við önnur störf. Dómarastarfið þarf ekki að vera ævistarf.

Áður en ég varð ríkissaksóknari gegndi ég starfi forstjóra Fangelsismálastofnunar í tæp 5 ár. Þetta starf var krefjandi en ákaflega gefandi. Mestu viðbrigðin voru þó hversu mikið umhverfið breyttist. Nánast á fyrsta degi í starfinu byrjuðu einstaklingar, alþingismenn og forystumenn í þjóðfélaginu að vilja tala máli einhvers skjólstæðings um fyrirkomulag afplánunar og að beita sér varðandi ákvarðanir um reynslulausn.

Þetta sýnir enn og aftur hversu umgjörðin um dómarastarfið og virðing fyrir sjálfstæði þeirra er mikil, en öll árin í því starfi kom það ekki fyrir að haft væri samband við mig utan þinghalda til að ræða einstök mál.

**Ríkissaksóknari.** Ég hef sagt það áður á þessum vettvangi að ég hafi verið tvístígandi, þegar til kom að ég sækti um embætti ríkissaksóknara í árslok 2007, enda á allra vitorði að embættið hafði árum saman verið fjársvelt. En til stóð að breyta þessu með nýjum lögum og tryggja sjálfstæði ákærvaldsins og auka réttaröryggi borgaranna eins og þar stóð. Hér ætla ég hins vegar hvorki að fara yfir það sem áunnist hefur né það sem misfarist hefur þessi ár mín í embættinu. Þess í stað vil ég nota tímann sem ég hef hér til að velta fyrir mér:

### **Sjálfstæði ákærvaldsins**

Þetta hugtak, sjálfstæði, er mér hugleikið en á sínum tíma skrifaði ég grein í TL um sjálfstæði dómara og lagði mitt af mörkunum sem formaður DÍ til að byggja það upp hjá dómarastéttinni.

Ég hef því iðulega velt því fyrir mér í hverju raunverulegt sjálfstæði ákærvaldsins fælist.

Löggjafinn tryggir sjálfstæði dómara og dómstóla í stjórnarskránni og almennum lögum.

En hvað með ákærvaldið?

Í drögum, sem leggja á fyrir stjórnlagabing til breytinga á stjórnarskránni, er ákvæði um ákærvaldið. Vonandi fær þessi tillaga hljómgrunn.

Lítum aðeins á lagaumhverfi ákæranda eins og það horfir við okkur í dag.

Í sakamálalögum segir í 2. mgr. 18. gr. að hlutverk ákæranda sé að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. „*Þeir taka*

*ekki við fyrimælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákærvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum.“*

Sjálfstæði ákærenda, þar með talið ríkissaksóknara, felst fyrst og fremst í þessari setningu. Að þessu leyti njóta þeir sjálfstæðis í sama mæli og dómarrar, gagnvart stjórnvöldum þótt sjálfstæði þeirra teljist ekki sambærilegt að öðru leyti.

### **Hverjir njóta þessa sjálfstæðis?**

Það eru ákærendur, skv. 1. mgr. 18. gr. sml., sem þessa sjálfstæðis njóta, þ. e. ríkissaksóknari, lögreglustjórar, sérstakur saksóknari og saksóknarar hjá sérstökum saksóknara. Aðrir starfa í umboði, m. a. vararíkissaksóknari og aðrir saksóknarar, fulltrúar.

### **Í hverju felst sjálfstæði ákærvaldsins?**

Þetta sjálfstæði felst í ýmsum athöfnum ákærenda við meðferð ákærvalds við rannsókn sakamála, rannsóknarfyrirmæla, útgáfa ákæru og ákvörðun um niðurfellingu mála.

### **Pólitískt sjálfstæði ákærvaldsins**

Með bréfi mínu til forsætisráðherra, 14. maí 2009, benti ég á að í Danmörku og Noregi hefði ríkisstjórnin og Alþingi virka refsipólitíska stefnu s.s. um ákveðinn málshraða og þá málaflokka sem setja ætti í forgang. Ríkissaksóknari bæri síðan ábyrgð á að markmiðin næðust. Slík stefnumótun væri styrkur fyrir ákærvaldið.

Hvað sem um þetta má annars segja, þá eru pólitísk afskipti af ákærvaldinu mikil í dag.

Það er að segja á einstaka þáttum þess.

Þannig voru t.d. greidd atkvæði á Alþingi eftir pólitískum línunum hvernig og hverja skuli ákæra fyrir Landsdómi.

Forsætisráðherra hefur reglulega tilkynnt að ákveðið hafi verið að veita svo og svo miklu fé til að rannsaka mál tengd bankahruninu, án þess að nein heildarstefna sé mótuð um áherslur í baráttu gegn glæpum.

Forsætisráðherra hefur auk þess tekið virkan þátt í baráttu gegn öllum „útrásarvíkingunum“ svokölluðu, hún hvatt menn til dáða á þeim vettvangi. Ráðherra ærist svo af fögnuði t.d. þegar menn úr þeim geira eru hnepptir í gæsluvarðhald.

Sami ráðherra tjáir sig fjálglega um að hún telji það hafa verið mistök hjá ákærvaldinu að ákæra með tilteknum hætti í máli níumeninganna svokölluðu. Ætla verður að hún eigi við pólitísk mistök en ekki fagleg.

Slík yfirlýsing er sett fram áður en áfrýjunarfrestur málsins er liðinn.

Nú hefur verið ákveðið að áfrýja málinu ekki til Hæstaréttar.

Hvort stefnubreyting setts ríkissaksóknara um þetta atriði eigi rætur að rekja til ummælanna, læt ég öðrum um að dæma.

### **Og áfram með sýnilegt sjálfstæði ákærvaldsins**

Ráðgjafi ríkisstjórnarinnar, Eva Joly, var sett á laun hjá sérstökum saksóknara og titlaður ráðgjafi embættisins í lok mars 2009. Engu að síður tilkynnti hún í júlí sama ár eftir fund með dómsmálaráðherra að hún myndi starfa áfram með íslenskum stjórnvöldum enda titlaði hún sig iðulega sem ráðgjafi ríkisstjórnarinnar.

Þessi ráðgjafi fór síðan að hafa afskipti af ákærvaldinu, krafðist afsagnar ríkissaksóknara og forsætisráðherra tók undir þá kröfu samdægurs.

Sérstakur saksóknari lýsti því hins vegar yfir að sú krafa væri ekki sett fram af hálfu þess embættis.

Í baráttu sinni talaði ráðgjafinn niður til starfsfólks embættis ríkissaksóknara, talaði um verkefni embættisins, þ. e. a. s. morðmál, nauðganir og öll stærstu sakamál landsins, sem smámál. Hún talaði um verkefnaskort hjá embættinu, mikinn kostnað af veru ríkissaksóknara og fleira í þessum dúr. Sjálf kostaði hún skattgreiðendur nálægt hálfum heildarfjárlögum embættis ríkissaksóknara árlega.

Og hvernig þessi sérkennilegi ráðgjafi talaði um þá sem rannsóknin beindist að. Var það í samræmi við 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus uns sekt hans hefur verið sönnuð.

Fyrirverandi dómsmálaráðherra Ragna Árnadóttir sagði m. a. í blaðaviðtali á dögunum um þessa ágætu konu. „Í hvert sinn sem hún opnaði munninn varð allt vitlaust....“.

Mér er spurn . Er þetta þannig sem við viljum að ákærvaldið í landinu starfi.

Er þetta til þess fallið að efla ákærvaldið, styrkja sjálfstæði þess sem og að auka réttaröryggi borgaranna eins og stefnt var að.

Er þetta í anda þeirrar grunnreglu sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 18. gr. sml. að ákærendur skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar.

Eða var þetta í lagi þar sem það þjónaði hagsmunum augnabliksins.

Á þarna hin almenna regla Mannréttindadómstólsins ekki eins við um ákærvaldið eins og dómstólana að það sé ekki nóg að „*justice has been done, justice must also be seen to have been done.*“

Orð og æði þessa ráðgjafa bar öll merki þess að þarna var stjórnmalamaður á ferð. Stjórnmalamaður, merkilegur sem slíkur, bara á röngum stað.

Getum við gert okkur í hugarlund hvað hefði gerst í umhverfi dómstólanna ef stjórnvöld hefðu ráðið hana þar inn til að kenna dómurum að dæma þessa glæpamenn alla. Ekki var nú vanþörf á miðað við orð ráðgjafans að laga til á þeim bæ.

Svarið blasir við. Það hefði aldrei getað gerst. Dómstólarnir hefðu aldrei sætt sig við slíka sendingu.

En af hverju ákærvaldið?

Ég held að svarið sé að ákærvaldið sé áratugum á eftir dómstólunum í umræðunni um sjálfstæði sitt og stöðu.

En Eva Joly á það sem hún á. Það verður ekki frá henni tekið að hún aflaði fjármuna í bankarannsóknina. Í upphafi bankarannsóknarinnar, sem Bogi Nilsson fór fyrir, taldi hann nauðsynlegt að fá þegar 350 milljónir til að koma hlutunum í gang. Á sama tíma var ég í samvinnu við ráðuneytið að gera fjárhagsáætlun um þessa forvinnu embættisins sem ekki mátti fara yfir 20 milljónir.

### **Að Geirfinnsmálinu og sjálfstæði ákærvaldsins í því sambandi**

Í október 1998 óskaði Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. þess við dómsmálaráðherra að aflað yrði lagaheimildar á Alþingi til að fram mætti fara opinber rannsókn á tildrögum þess að leirmyndin var gerð í Keflavík. Ennfremur að aflað yrði heimildar til að greiða umbjóðanda hans miskabætur ef það sannaðist að handhafar rannsóknarvalds hefðu átt meginsök á þeim hörmungum sem umbjóðandi hans mátti þola.

Ríkissaksóknari hafði áður hafnað beiðni hans um að slík rannsókn færi fram þar sem engin lög stæðu til þess og málið væri löngu fyrnt. Ítrekað hafði verið reynt að benda á að unnt væri að skipa stjórnvísunefnd til að fara yfir málið. Á það var ekki fallist.

Í kjölfarið var lögum breytt og ríkissaksóknara heimilað að mæla mætti fyrir um slíka rannsókn.

Umsögn Lögmannafélag Íslands þess efnis að slík breyting væri í andstöðu við megingilgang sem opinber rannsókn hefði samkvæmt lögum, breytti engu.

Þrátt fyrir lagabreytinguna hafnaði ríkissaksóknari áfram opinberri rannsókn og eftir mikil bréfaskipti var ljóst að honum varð ekki haggað.

Þá var enn farið til Alþingis og lögnum nú breytt þannig að kæra mátti synjun ríkissaksóknara um opinbera rannsókn til ráðuneytisins.

Þetta fór í gegnum Alþingi þrátt fyrir að Lögmannafélag Íslands varaði við henni og taldi slíka breytingu fela í sér „varhugavert afturhvarf til löngu liðinnar fortíðar.“ Sama sjónarmið kom fram í umsögn Dómarafélags Íslands.

Í kjölfarið mælti ráðuneytið fyrir rannsókn málsins.

Flestum sem hér eru vita að rannsókn lögreglu hefur það eina markmið að afla sönnunargagna til að ákveða megji hvort höfða eigi sakamál eða ekki. Séu rannsóknargögn nægileg eða líkleg til sakfellis, skal gefa út ákæru, annars ber að fella mál niður.

Það að kveða jafnvel á um sekt manna í skýrslu saksóknara er brot á öllum grunnreglum sakamálaréttarfars.

Starfsmenn dómsmálaráðuneytisins höfðu ítrekað bent dómsmálaráðherra á að breytingin væri ekki framkvæmanleg og var ráðherra lengi tvístígandi. Fyrirmælin komu hins vegar úr forsætisráðuneytinu. Dómsmálaráðherra sendi meira að segja ráðuneytisstjóra sinn til að reyna að fá forsætisráðherra ofan af þessu án árangurs.

Ríkissaksóknari stóð í lappirnar í þessu máli öllu.

Ákærvaldið sem slíkt stóðst hins vegar ekki áhlaupið.

Dæmið sýnir okkur hins vegar hvernig unnt er að beita/eða misbeita pólitísku valdi og hversu lítils grundvallarreglunar þá mega sín.

Þetta einstaka ákvæði 4. mgr. 66. gr. oml. hvarf úr sakamálalögnum, þegjandi og hljóðalaust sem og 2. mgr. 26. gr. oml. sem kvað á um kæruleið á ákvörðun ríkissaksóknara til fForseta Íslands.

Að því leyti var sjálfstæði ákærvaldsins styrkt með nýjum sakamálalögum.

### **Innra sjálfstæði**

Gott lagaumhverfi styrkir að sjálfsögðu sjálfstæði ákæranda.

Sjálfstæði þeirra, eins og dómara, verður þó aldrei meira en innra sjálfstæði þeirra segir til um.

Til innra sjálfstæðis heyrir sá kjarkur sem þarf til að taka erfiðar ákvarðanir.

Sem dæmi má nefna niðurfellingu mála en slíkar ákvarðanir eru alltaf óvinsælar.

Því er í sjálfu sér ábyrgðarminna að gefa út ákæru í máli og láta dómstólana um að taka skellinn af sýknu þótt e.t.v. hefði mátt sjá þá niðurstöðu fyrir. Slík vinnubrögð eru

hins vegar ekki lögum samkvæmt enda á aðeins að ákæra mann telji ákærandi það sem fram er komið nægilegt eða líklegt til sakfellis.

Telji hann það ekki á hann að hafa kjark til að fella mál niður.

Þetta er allt verðugt rannsóknarefni en árið 2003 var sýknuhlutfallið í kynferðisbrotum tæp 70% (69%). Þessi tala hefur farið lækkandi og er nú síðustu árin milli 30-40%. Sú tala er samt uggvænlega há. Ég hef farið þess á leit við ráðuneytið að þetta verði skoðað heildstætt undir forystu prófessors eða annarra fagaðila en af því hefur ekki orðið enn.

Og hafið þetta hugfast ákærendur góðir.

Þegar rætt er um sjálfstæði ákærenda er mikilvægt að gera sér grein fyrir ástæðu þess að kveðið er á um slíkt í lögum.

Ákvæði um sjálfstæðið gagnvart stjórnvöldum eru ekki sérrettindi ykkur til handa.

Nei. Ákvæði, sem tryggir sjálfstæði gagnvart stjórnvöldum, eru áunnin réttindi til þess ætluð að borgararnir megi treysta því, að þið sem slíkt vald fáið, **getið og þorið** að komast að réttri niðurstöðu lögum samkvæmt þótt hún hugnist e.t.v. ekki stjórnvöldum.

**Hins vegar.** Ég hóf mál mitt með því að benda á að það væri tvennt sem stæði upp úr þegar ég liti til baka. Annars vegar hversu fljótt þetta hefði liðið.

Hins vegar er það sem stendur upp úr á þessum langa ferli.

Hversu skemmtilegt þetta hefur verið og hversu þakklátur ég er fyrir að fá tækifæri og að hafa verið sýnt það traust að takast á við öll þessi fjölbreytilegu og krefjandi störf sem ég hef gegnt. Það er ekki sjálfgefið að eiga jafnvel erfitt með svefn vegna tilhlökkunar að fara í vinnuna í 40 ár.

Ég vil enda þetta hér með því að segja eins og dómþolin sagði þegar ég dæmði fyrsta dóminn 1971. En maðurinn stóð upp við uppsögu dómsins, sem hljóðaði upp á margra mánaða fangelsi, hneigði sig lítilliga og sagði: „Ég þakka fyrir mig.“

Valtýr Sigurðsson